



Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 1187
komudagur 21/3 1997

Alþingi, 20. mars 1997.

Frú Sólveig Pétursdóttir,
formaður allsherjarnefndar.

Á fundi sínum mið. 18. mars sl. tók sjávarútvegsnefnd fyrir frumvarp til laga um sammingsveð (234. mál), samanber bréf yðar frá 13. mars síðastliðnum. Rætt var um efni 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, mætti á fund nefndarinnar.

Ekki er samstaða í nefndinni um afstöðu til ofangreinds efnisatriði frumvarpsins. Á fundinum kom fram það sjónarmið að rétt væri að kalla fulltrúa frá Fiskistofu fyrir út af málinu þar sem því hefur verið haldið fram að í þeim tilvikum þegar þinglýst hefur verið sérstaklega yfirlýsingu um að veðeiganda sé óheimilt að framselja aflahlutdeild án samþykkis veðhafa bæri Fiskistofu á grundvelli ramnsóknarreglu stjórnsýslulaga að ganga úr skugga um að þessa skilyrðis hefði verið gætt áður en hún staðfesti framsal. Þá veltu sumir nefndarmenn því fyrir sér hvort ákvæði 1. mgr. 48. gr. frumvarpsins leiði til þess sérregla gildi um þær veðsetningar sem átt hafa sér stað frá gildistöku laga nr. 38/1990 og fram til 1. júlí 1997.

F.h. sjávarútvegsnefndar,

Steingrímur J. Sigfússon,
formaður.

SJÁVARÚTVEGSNEFND